

Skýrsla starfshóps um fjaraðgang til aðalfundar ÍRA 2015

Verkefni starfshópsins

Í erindisbréfi¹ starfshópsins er 2ja álitamála getið sérstaklega:

- fjaraðgangs innan landsins
- fjaraðgangs íslensks leyfishafa erlendis að eigin stöð innanlands

Að öðru leyti segir: "Starfshópnum er í sjálfsvald sett, að taka til umfjöllunar þau önnur tilvik sem hann telur skipta máli fyrir stefnu félagsins í þessum efnum."

Í erindisbréfi starfshópsins segir: "... er geri tillögur um stefnumótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótnar um þessar mundir."

Áfanganiðurstöður starfshópsins

Vinnuhópurinn hefur skilað tveimur skýrslum til stjórnar félagsins:

- Áfangaskýrslu 1 – Fjarstýring íslenskra leyfishafa, 18. apríl 2013.
- Skýrslu um fjaraðgang til aðalfundar ÍRA 2014.

Í fyrri skýrslu sinni fjallaði vinnuhópurinn um fjaraðgang íslenskra leyfishafa. Í þeirri seinni greindi vinnuhópurinn frá þeirri niðurstöðu sinni að erlendir CEPT leyfishafi staddur á Íslandi geti fjarstýrt stöð innanlands.

Framvinda frá síðasta aðalfundi

Eins og kunnugt er sóttu þeir Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX ráðstefnu IARU svæði 1 í Varna Albena í Búlgaríu sl. haust. Fjaraðgangsmál voru til umræðu á ráðstefnunni og á henni voru samþykkt tilmæli VA14_C4_REC_04. Drög að þýðingu starfshópsins er að finna í viðauka.²

Gildissvið CEPT

Í tilmælunum VA14_C4_REC_04 voru m.a. ítrekuð tilmæli SC11_C4_07 um að CEPT (T/R 61-01) samningurinn eigi einungis við í þeim tilvikum að erlendir leyfishafi sækir land heim í bókstaflegum skilningi. Sum landsfélög hafa komið þessu á framfæri við sína félagsmenn með áberandi hætti, þ.á m. ÍRA á heimasíðu sinni þann 19/11 2014 í formi óformlegrar þýðingar. Þá hefur bandaríska amatörfélagið, ARRL, gert það í leiðara aprílheftis QST á þessu ári.

Þannig liggur fyrir sú afdráttarlausu túlkun að erlendir leyfishafi geti ekki á grundvelli ákvæða CEPT samningsins fjarstýrt sendistöð hérlendis og notað eigið kallmerki með forskeytinu TF/.

Kallmerkjanotkun

Í „Áfangaskýrslu 1 – Fjarstýring íslenskra leyfishafa“ segir: "Þegar íslenskur leyfishafi sækir annan heim og notar stöð hans, hefur það gjarnan verið samkomulagsatriði milli þeirra hvort kallmerkið er notað. Að óbreyttu mælir nefndin með því að sama verði viðhaft í tilfelli fjarstýringar". Nú hefur sú breyting orðið á að IARU Region 1 hefur ályktað um þetta atriði.

¹ Viðauki I.

² Viðauki II.

Starfshópurinn leggur til að ÍRA fylgi tilmælum Varna Albena ráðstefnunnar (VA14_C4_REC_04).

Erindi til PFS

Í takt við það sem starfshópurinn mæltist til um í fylgibréfi með „Áfangaskýrslu 1 – Fjarstýring íslenskra leyfishafa“ þann 19. apríl 2013, þá leitaði stjórn ÍRA áhlits Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á skýrslunni í nóvember sl. Svar PFS barst nokkrum dögum síðar, dags. 3. des. 2014. Í svarinu segir orðrétt: „Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur farið yfir áfangaskýrslu 1 frá nefnd ÍRA um stefnumótun í fjaraðgangsmálum dags 18.4.2013. PFS er sammála niðurstöðum nefndarinnar í skýrslunni að öllu leyti og er radíóáhugamönnum því hér með heimilað að starfa skv. niðurstöðum skýrslunnar.“ Þetta eyddi óvissu um lögmæti fjarstýringar íslenskra leyfishafa.

Framhald

Eftirstandandi úrlausnarefni er þá hvort erlendur leyfishafi sem staddur er erlendis geti með löglegum hætti fjarstýrt sendistöð hérlendis.

Er það mat starfshópsins að þetta tilvik sé utan ákvæða CEPT samningsins. Samkvæmt íslenskum reglum sé erlendur leyfishafi, sem staddur er erlendis, því á engan hátt frábrugðinn öðrum sem ekki hafa hlotið leyfi skv. íslenskum reglum.

Starfshópurinn bendir á, að líklegt er að notkun fjarstýringar færist í aukana á næstu árum, og umræðunni sé hvergi nærri lokið. Ýmsum spurningum er enn ósvarað. Málefnaleg umræða um þetta efni á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi IARU, er rétt að hefjast og ÍRA getur lagt sitt af mörkum ef ástæða þykir til. Ekki kæmi á óvart þótt málefnið rataði inn á alþjóðlegan samráðsvettvang stjórnvalda á næstu árum, og því mikilvægt að ÍRA fylgist með umræðunni. Starfshópurinn er reiðubúinn til þess að starfa að þessum málum áfram.

Viðauki I - Erindisbréf starfshóps varðandi fjaraðgang

Ágætu Vilhjálmur Þór, Kristján og Yngvi!

Á stjórnarfundi í Í.R.A. nr. 4/2012 þann 17. september 2012 var samþykkt, að skipa sérstakan starfshóp er geri tillögur um stefnumótun félagsins hvað varðar fjaraðgang, að teknu tilliti til alþjóðlegrar leiðsagnar sem er til mótunar um þessar mundir.

Stjórn Í.R.A. telur, að félagið þurfi að mynda sér formlega skoðun í málum er varða fjaraðgang leyfishafa [almennt] að fjarskiptabúnaði innan landsins og t.d. þegar íslenskur leyfishafi hefur sambönd um eigin stöð innanlands, staddur erlendis. Starfshópnum er í sjálfsvald sett, að taka til umfjöllunar þau önnur tilvik sem hann telur skipta máli fyrir stefnu félagsins í þessum efnum.

Vegna eðlis verkefnisins, eru starfshópnum ekki settar sérstakar tímaskorður í vinnu sinni, en jákvætt er að hópurinn annist kynningu á umfjöllunarefni sínu á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í maí 2013.

Þeir sem skipaðir eru í starfshópinn: *Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, Kristján Benediktsson, TF3KB og Yngvi Harðarson, TF3Y*. Starfshópurinn velur sér sjálfur formann. Í boði er fundaraðstaða í félagsaðstöðu Í.R.A. í Skeljanesi, ef óskað er.

Ofangreindu til staðfestingar,

F.h. stjórnar,

Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður.

Viðauki II - Tilmæli VA14_C4_REC_04

Þýðing starfshóps

Starfræksla með fjarstýringu

Starfræksla með fjarstýringu er skilgreind svo, að leyfishafi stjórnar amatörstöð með fjarstýribúnaði.

Þar sem stöð er starfrækt með fjarstýringu skal virða eftirfarandi skilmála:

1. Starfræksla með fjarstýringu verður að vera leyfð, eða látin óátalin, af stjórnvöldum landsins sem stöðin er í.
2. Nota á kallmerkið sem stjórnvöld landsins sem stöðin er í hafa gefið út. Þetta gildir án tillits til staðsetningar þess sem stýrir.
3. Hafa skal í huga að tilmæli SC11_C4_07 tiltaka að aðildarfélögin veki athygli meðlima sinna á því að T/R 61-01 tilmælin taka aðeins til fólks sem notar sitt eigið kallmerki, með viðeigandi landsforskeyti, þegar viðkomandi heimsækir landið í raun. Þau taka ekki til starfrækslu með fjarstýringu.
4. Aðrir skilmálar, er varða þátttöku fjarstýrðra stöðva í keppni eða öflun verðlauna, eru málefni hinna ýmsu skipuleggjenda slíkara atburða.

Frumtexti

Recommendation VA14_C4_REC_04:

That the following text be published in the VHF and HF Managers Handbook:

Remote Controlled Operation

Remote controlled operation is defined to mean operation where a licensed operator controls an amateur radio station from a remote control terminal.

Where a station is operated remotely, the following conditions shall apply:

1. Remote operation must be permitted, or not objected to, by the Regulatory Authority of the country where the station is located.
2. The call sign to be used should be the call sign issued by the Regulatory Authority of the country in which the station is located. This applies irrespective of the location of the operator.
3. It should be noted that Recommendation SC11_C4_07 states that member societies bring to their members attention that the T/R 61-01 agreement only applies to people using their own call sign, with the appropriate country prefix, when the operator is actually visiting that country, not for remote operation.
4. Any further requirements regarding the participation of remotely controlled stations in contests or award programmes are a matter for the various contest or award programme organisers.

Proposed by: CRC

Seconded by: HRS

The motion was carried with one vote against and two abstentions